

## 8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrirast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

## 9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbref eru framtalsskyld.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, lög nr. 124/1990, lög nr. 130/1990, lög nr. 24/ 1991 og lög nr. 47/1991, öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Porgerður Benediktsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.,  
nr. 215 10. maí 1991.**

## 1. gr.

1. gr. orðist svo:

*Gjald fyrir skráningu ökutækja.*

	Kr.
1. Nýskráning . . . . .	5 475
2. Skráning eigendaskipta . . . . .	2 300

## 2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1991.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

*Jón Thors.*